

Sþ.

687. Lög

um útvarp og birtingu veðurfreqna.

(Afgreidd frá Sþ. 10. maí).

1. gr.

Útvarpa skal veðurfreqnum frá útvarpsstöðinni í Reykjavík að minnsta kosti 4 sinnum á sólarhring — þar af einu sinni að næturlagi — 9 mánuði ársins, frá 1. september til 31. maí. Á tímabilinu 1. júni til 31. ágúst skal útvarpa veðurfreqnum þrisvar á dag. Fela má þó loftsketylustöðinni í Reykjavík að annast útsendingu veðurfreqna að næturlagi, ef það þykir hagkvæmara.

2. gr.

Á stöðum, þar sem útræði er og sjósókn er talin sérstaklega hættuleg, eða þar sem meiri hluti íbúa héraðs eða sjávarþorps 21 árs eða eldri hefir farið þess á leit á opinberum fundi, eða með skriflegri áskorun, skulu hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sjá um að fá hæfan og áreiðanlegan mann eða konu til þess að birta og festa upp á aðgengilegum stað, svo oft sem þurfa þykir, veðurfreqnir þær, sem veðurstofan gefur út og útvarpað er frá útvarpsstöðinni eða loftsketylustöðinni í Reykjavík.

Póknun fyrir birtingu veðurfreqna greiðist að hálfu úr ríkissjóði, þó

ekki yfir 50 krónur á ári á hverjum stað. Að öðru leyti greiðist þóknunin úr hlutaðeigandi hrepps- og bæjarsjóði samkvæmt fyrirfram gerðum samningi, sem atvinnumálaráðherra hefir samþykkt.

3. gr.

Veðurfregnir skulu skrifaaðar á þar til gerð eyðublöð, og skal festa þau upp í kassa með glerrúðu, á stað þar sem umferð er mest, eða þar sem liklegt er, að flestir geti haft þeirra not, og skulu þau fest upp í kassann strax eftir að þau voru mótttekin.

Veðurstofa Íslands leggur til og sendir ókeypis eyðublöð undir veðurfregnirnar, þegar hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn óskar þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.